



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ársfundi Landsvirkjunar
í tilefni af afmælisári
5. maí 2015**

Virðulegu ráðherrar
Stjórnendur og starfsfólk Landsvirkjunar
Góðir fundargestir

Þegar Landsvirkjun fagnar merkur tímamótum, fimmtíu ár liðin frá stofnun hennar, er fróðlegt að líta um öxl, hugsa um fátæka þjóð bænda og sjómanna sem á þeim tíma glímdi við að treysta stoðir hins unga lýðveldis; erlend fiskiskip enn skammt undan ströndum og baráttan við breska flotann bæði um 50 mílna og svo 200 mílna landhelgina háð á næsta áratug; innlend þekking í verkfræði og framkvæmdageta af svo skornum skammti að erlend fyrirtæki báru að mestu ábyrgð á hinni fyrstu stórvirkjun.

Það gleymist oft í umræðum á okkar tímum hve veikar efnahagsstoðir lýðveldisins voru á fyrstu áratugum; fiskveiðar nánast það eina sem aflaði okkur gjaldeyris og þjóðin þurfti að flytja inn flest til uppbyggingar og framfara: timbur og járn, tæki og tól – gjaldeyri líka nýttur til að senda ungt fólk utan til náms svo að fjölþætt þekking yrði smátt og smátt afl til nýrrar sóknar.

Útfærsla landhelginnar og tæknivæðing sjávarútvegsins voru ásamt þróun Landsvirkjunar meginþættir í að tryggja efnahagslega farsæld lýðveldisins uns fleiri atvinnugreinar urðu á lokaskeiði síðustu aldar og nýliðnum árum til að treysta undirstöður þeirra framfara og velsældar sem Íslendingar hafa nú, þrátt fyrir ýmis áföll, notið um langa hríð; fært okkur í fremstu röð þegar sérfræðingar og alþjóðastofnanir meta árangur ríkja.

Framlag Landsvirkjunar er í senn merkilegt og margþætt og í þeim efnum má til glöggvunar greina þrennt.

Í fyrsta lagi að efla orkubúskap Íslendinga á þann veg að ný gjaldeyrislind hefur vaxið til jafns við sjávarútveg; landið nú vænlegur kostur fyrir margvíslega framleiðslu traustra alþjóðlegra iðnfyrirtækja og fýsileg heimkynni gagnavera, lykilstöðva í upplýsingabyltingu nýrrar aldar.

Um leið hefur Landsvirkjun tryggt almenningi orku á hagstæðu verði, auðveldað uppbyggingu íslenskra fyrirtækja sem njóta betri samkeppnisstöðu og líka fært þjóðinni öryggi í orkumálum. Í glímunni við afleiðingar bankahrunsins sóttum við tvímælalaust styrk í árangurinn sem umbyltingarnar á fyrri áratugum í orkubúskap þjóðarinnar höfðu í för með sér: Almennigur naut góðs af lágu orkuverði til heimila, forréttindi sem eru fjarri fólkinu í flestum öðrum löndum Evrópu; og Ísland var áfram góður kostur til fjárfestinga, alþjóðleg fyrirtæki mátu aðgang að hreinni orku meira en tímabundna ólgu í fjármálalífi.

Í öðru lagi hefur Landsvirkjun stuðlað að eflingu þekkingar og reynslu í verkfræði, tækni og framkvæmdum, eflt vísindasamfélag okkar Íslendinga, háskóla og rannsóknastofnanir; gefið nýjum kynslóðum sjálfstraust og sóknarfæri. Á þann hátt hefur Landsvirkjun lagt grundvöll að útflutningi á tækniþekkingu og framkvæmdagetu; fyrirtæki sem fóstruð voru í hönnun og byggingu virkjana í óbyggðum og við erfiðar aðstæður innanlands eru nú umsvifamikil víða um heim.

Í þriðja lagi hefur framlag Landsvirkjunar ráðið miklu um þann virðingarsess sem Ísland nú nýtur í orkumálum veraldar: Að vera sú fyrirmynd sem sýnir öðrum þjóðum að hægt er að hverfa frá olíu og kolum og byggja framfarir og hagsæld á hreinni orku; framlag sem skiptir sköpum þegar mannkyn allt glímir við yfirvofandi breytingar á loftslaginu; samningarnir í París síðar á þessu ári ögurstund, vettvangur þar sem örlög mannkyns kunna að ráðast; nýlegt samkomulag forseta Bandaríkjanna og Kína vonandi vitnisburður um þáttaskil.

Framkvæmdir Landsvirkjunar í fimmtíu ár hafa, ásamt hitaveitum á vegum sveitarstjórna og heimamanna í byggðum landsins, skapað Íslendingum einstaka stöðu til að láta að sér kveða í alþjóðlegum umræðum um umhverfisvanda veraldar. Þær hafa jafnframt lagt grunn að samstarfi okkar við fjölmörg ríki; í raun orðið hornsteinn í utanríkismálum okkar litlu þjóðar, efniviður virðingar, vináttu og samstarfs sem við njótum víða.

Það kann að hljóma nýstárlega en sérhver, sem kjörinn er fulltrúi þjóðarinnar, kemst fljótt að því í viðræðum við erlenda ráðamenn, sérfræðinga og fréttamenn heimsþekktra blaða og sjónvarpsstöðva að ásamt menningu okkar að fornu og nýju er árangurinn í nýtingu hreinnar

orku það sem vekur mestan áhuga á nánari kynnum og samstarfi við Íslendinga.

Landsvirkjun getur því með stolti litið yfir farinn veg og fagnað um leið hinum fjölþættu tækifærum sem nú móta daglega önn; tækifærum sem fært geta þjóðinni enn meiri hagsæld, treyst stöðir velferðar og iðandi þjóðlífs.

Nú er eftirspurnin eftir orku mun meiri en Landsvirkjun getur annað, vandinn að velja úr röðinni sem bíður eftir viðskiptum; staða sem við sem sátum í stjórn Landsvirkjunar fyrir þrjátíu árum hefðum talið draumsýn eina því þá var vandinn, og hafði verið árum saman, jafnvel í áratugi, að enginn stór kaupandi fannst að orkunni, vandi sem hvorki fyrirtækinu né fjölmörgum ríkisstjórnnum tókst að leysa.

Á afmælisárinu er staðan hins vegar sú að kaupendur knýja dyra, iðjuverin sem hér hafa starfað og ný framleiðslufyrirtæki sem og gagnaverin sem vaxa ört og önnur sem vilja koma hingað; stjórnvöld í Bretlandi bjóða jafnvel bæði tryggingar og til muna hærra orkuverð ef sæstrengur til Íslands yrði liður í lausn á þeirra brýna orkuvanda; sæstrengur sem norrænir og evrópskir lífeyrissjóðir ásamt alþjóðlegum fjárfestum vilja gjarnan eiga.

Nú þegar hafa Norðmenn lagt nokkra sæstrengi til Danmerkur og var sú tenging helsta ástæða þess að Apple valdi fyrir skömmu Jótland fyrir hið stóra gagnaver. Sæstrengurinn frá Noregi til Hollands hefur á fáeinum árum reynst til muna arðbærari en flestir töldu og því gerðu Norðmenn nýlega samninga við bæði Þýskaland og Bretland um nýja sæstrengi. Rafmagnið bæði selt og keypt án þess að nokkur stórvirkjun yrði reist í Noregi en tekjurnar engu að síður veigamiklar viðbætur við þjóðarauð Norðmanna; strengirnir líka nauðsynleg styrking á orkuöryggi landsins og trygging um aðgang að orku frá öðrum löndum við áföll á heimaslóð eða hamfarir í náttúrunni.

Hin nýju þáttaskil sem blasa við á afmælisári Landsvirkjunar: hraður vöxtur gagnavera, gríðarlegt magn nýrra upplýsinga og gagna sem bætist við á hverju ári, óskir um að reisa hér fleiri iðjuver sem og reynsla Norðmanna og annarra Evrópuþjóða af sölu rafmagns um sæstrengi, áhugi breska ríkisins á slíkum viðskiptum við Íslendinga og hugsanleg samtenging Íslands og Grænlands, vatnsorkan arðvænleg auðlind okkar góðu granna í vestri, sýna ásamt reynslunni af fyrstu vindmyllunum hér á landi – þær nær tvöfalt hagkvæmari en í Evrópu – að framundan getur verið nýtt og glæsilegt vaxtarskeið þjóðinni til heilla ef við berum gæfu til að vanda verkin og varðveita samstöðuna.

Gleymum því aldrei að Landsvirkjun er þjóðareign, byggð í senn á nýtingu auðlinda Íslendinga og virðingu okkar fyrir tign og margbreytileika náttúrunnar; getur áfram verið í fararbroddi framfarasóknar. Sú vegferð þarf þó að byggja á samstöðu um þessa dýrmætu sameign þjóðarinnar og á virðingu fyrir fegurð landsins, gróðursvæðum og öræfum sem eru svo samgróin sjálfsmynd okkar.

Landsvirkjun hefur á fimmtíu árum tekist vel að feta slíka braut þótt skoðanir hafi á stundum verið skiptar og umræðan hvöss. En þá hefur hið lýðræðislega umboð sem stjórn fyrirtækisins er veitt af kjörnum fulltrúum náð að tryggja áfram farsæla för.

Alls þessa ber okkur að minnast, einkum nú á þessum merku tímamótum, um leið og ég færi starfsfólki og stjórnendum Landsvirkjunar, fyrr og nú, þakkir og heillaóskir frá íslenskri þjóð.